

# Hvað er Noona Paylink?

Síðast uppfært 24/06/2026 2:32 pm BST

## Hvað er Noona Paylink?

Noona Paylink er greiðslulausn sem gerir þér kleift að rukka viðskiptavinum með því að senda rukkun beint í símann þeirra með einum smelli.

## Hvernig virkar Noona Paylink?

Í gegnum sölukerfið velur þú greiðslumátann '**Greiðsla í síma**' og um leið sendist greiðslubeiðni í síma viðskiptavinarins. Ef viðkomandi á Noona aðgang sendist greiðslubeiðnin í Noona appið en ef ekki þá sendist greiðslubeiðnin í SMS skilaboði. Viðkomandi opnar síðan annað hvort sms skilaboðin eða Noona appið og greiðir þar í gegn. Hægt er að velja um að greiða með Apple Pay, Google Pay eða kortinu sínu sem hægt er að vista í appinu.

## Afhverju Noona Paylink?

**Aukin þægindi:** Þú þarft ekki neitt utanaðkomandi tæki til þess að nota Noona Paylink heldur sendurðu einfaldlega greiðslubeiðni með einum smelli úr sölukerfinu. Ótrúlegt?

**Ein greiðsla í staðin fyrir tvær:** Viðskiptavinir þínir þurfa ekki lengur að greiða fyrir vöruna í einn posa og þjónustuna í annan posa heldur greiðir fyrir bæði vöru og þjónustu í einni og sömu greiðslunni. Við sjáum síðan um að skipta greiðslunni og leggja inn á réttan bankareikning. Sniðugt fyrir þá sem eru með verktaka.

**Öruggar færslur:** Greiðslur sem gerðar eru í gegnum Noona Paylink eru öruggar og áreiðanlegar, það gefur bæði þér og viðskiptavininum hugarró.

**Straumlínulögun:** Með því að nota Noona Paylink heldur þú utan um reksturinn á sama stað sem gerir það auðveldara að halda utan um bókhaldið og fylgjast með hvort það hafi verið greitt fyrir tímenn.

## Hvernig byrja ég að nota Noona Paylink?

**Sækja um greiðslugátt:** Þú þarft að byrja á því að sækja um greiðslugátt hjá færsluhirði. Ef þú ert ekki með greiðslugátt en þig langar til þess að taka við greiðslum í gegnum Noona þá getur þú fyllt út þetta form: <https://noonaiceland.my.site.com/forms/s/saekjaumfaersluhirdingu>

Færsluhirðirinn mun síðan senda þér tölvupóst með samningstillboði sem þú þarft að samþykkja.

**Virkjaðu netgreiðslur:** Eftir að greiðslugáttin er tilbúin og þú hefur tengt netgreiðslur við Noona HQ aðganginn þinn þá mun '**Greiðsla í síma**' sjálfkrafa birtast í sölukerfinu.

Söluþingillit

Einsi verktafi x Nýr reikningur

Markþjálfun 18.000 ISK x

MAGN	VERÐ	AFSLÁTTUR	STARFSMAÐUR
1	18.000 ISK	%	Birna

Samtals án VSK 14.516 ISK  
Samtals með VSK 18.000 ISK

**Eftirstöðvar 18.000 ISK**

Til greiðslu:  
**ISK 18,000**

AF 18.000 ISK

Greiðslumáti:


- Greiðsla í síma
- Greiðslukort
- Peningar
- Meira

Skiðu inn VSK upplýsingar. Þær munu birtast á útgefnum kvittunum. [Leita meira](#)

[Til baka](#)

Svona mun greiðslubeiðnin til viðskiptavinarins líta út:

Greiðslubeiðni



Demo Stöðin

**10.000 kr.**

Borga með

Apple Pay

Borga með korti

VISA

**Apple Pay**

Hafna greiðslu

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbútbluna eða í tölvupósti á [hq@noona.is](mailto:hq@noona.is) ef einhverjar spurningar vakna?